



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 2. nóvember 2023

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn, 95. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 23. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um tillögu til þingsályktunar um skipun starfshóps um rétt til að annast veikt eða slasað barn.

Tillaga þessi er endurflutt og umboðsmaður barna hefur áður sent inn umsögn um tillöguna. Á 152. löggjafarþingi kom eftirfarandi fram í umsögn umboðsmanns:

Í tillögunni er það lagt til að Alþingi álykti að fela félags- og vinnumarkaðsráðherra að skipa starfshóp sem skoði hvort skilgreina eigi rétt foreldra eða forsjáraðila á vinnumarkaði til að annast veikt eða slasað barn með tilliti til fjölda barna. Gerir tillagan ráð fyrir því að í starfshópnum eigi sæti auk umboðsmanns barna fulltrúar Alpýðusambands Íslands, BSRB, BHM, Samtaka atvinnulífsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Öryrkjabandalags Íslands fjármála- og efnahags- og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

Umboðsmaður barna telur löngu tímabært að taka til skoðunar stöðu langveikra og slasaðra barna, með sérstakri áherslu á rétt þeirra til umönnunar og stuðnings foreldra. Markmið umræddrar tillögu er fyrst og fremst að kanna hvort skilgreina eigi á vinnumarkaði rétt foreldra og forsjáraðila til að annast veikt eða slasað barn, þannig að hvert barn njóti einstaklingsbundins réttar til umönnunar foreldra í kjölfar slyss eða veikinda, í stað þess að miðað sé við tiltekinn fjölda daga fyrir hvert foreldri, óháð fjölda barna.

Umboðsmaður barna styður samþykkt tillögunnar, og mun veita verkefninu liðsinni sitt með því að taka þátt í vinnu starfshópsins, komist hann á laggirnar.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal, umboðsmaður barna